

1863. að fá gjörðan samning um þetta efni, skal því skotið til hinnar
 13. febrúarm. heiðruðu utanríkisstjórnar, hvort hún ekki vilji skýra stjórninni
 á Frakklandi og á Bretlandi hinu mikla frá því, að komið hafi
 umkvartanir frá alþingi Íslendinga og lögþingi Færeyinga yfir
 því, að fiskiveiðaréttindi þeirra hafi brotin verið, og skora enn á
 ný á stjórnendur í löndum þessum um að banna þegnum sínum,
 þeim er hafa fiskiveiðar við Ísland og Færeyjar, að veiða nær
 ströndunum en í einnar vanalegrar sjávarmílu fjarlægð undan
 landi.

Dómsmálastjórnin biður um, að sér verði gefin vísbending
 um, hvað utanríkisstjórnin ræður af í þessu efni.

13. febrúarm. **6. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og stór-
 kaupmannanna Kochs og Hendersons um gufu-
 skipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Ís-
 lands.**

1. gr. Vær undirskrifaðir, C. P. A. Koch og W. Hender-
 son, stórkaupmenn, skuldbindum oss til að hafa í förum sem
 póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands skrifugufu-
 skip úr fyrsta flokki gufuskipa, sem sé að stærð hér um bil 400
 enskar lestir, og láta það á ári hverju fara sex ferðir millum Kaup-
 mannahafnar og Reykjavíkur, og á leiðinni koma við í Þórshöfn;
 skal ferðum þessum hagað eptir áætlun, er vjer semjum fyrir
 hvert ár, og dómsmálastjórnin samþykkir.

2. gr. Vær skuldbindum oss til á hverri ferð milli Kaup-
 mannahafnar og Reykjavíkur, báðar leiðirnar að láta skipið ætíð
 koma við í Þórshöfn á Færeyjum til að skila og taka við póst-
 bréfum og farþegum; svo skuldbindum vör oss og til að láta
 það koma við á Vestmannaeyjum, ef það ekki tefur fyrir, til að
 skila póstbréfum í eyjar þessar og taka við bréfum þaðan. Geti
 skipið ekki hættulaust lagt inn í Reykjavík, er það kemur til Ís-
 lands, annaðhvort sökum storma eður annara óumflýjanlegra
 hindrana, þá áskiljum vör oss aptur á móti að mega skila bréf-

unum í Hafnarfirði, og skulu þau þá á kostnað stjórnarinnar flutt þaðan til Reykjavíkur. Vær áskiljum oss enn fremur að 1863. 13. febrúarm. mega bæði á leiðinni til Íslands og þaðan aptur koma við á öðrum stöðum, svo og að koma við annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík.

3. gr. Á hverri ferð skulum vér ætla nægilegt rúm fyrir pósthreðin til Færeyja og Íslands og þaðan aptur. Sem pósthreð skulu talin aðeins sendihreð og konungleg erindismál; þar á móti eru smáböggjar og annað, sem vant er að senda með „pakkapósti“ samningi þessum óviðkomandi; þesskonar sendingum tökum vér við og sendum þær fyrir borgun eptir verðlagi, sem vér setjum.

4. gr. Pósthreðin skulu á kostnað stjórnarinnar flutt af skipi og á.

Hin íslenska stjórnardeild í Kaupmannahöfn skal, að minnsta kosti með átta daga fyrirvara látin vita, hvaða dag og stund skipið á að fara af stað; svo skal og formaður gufuskipsins strax, og ef unnt er innan 24 stunda eptir að hann er kominn, láta stiptamtmanninn í Reykjavík vita, hvaða dag og stund hann muni fara aptur; á þá bæði hin íslenska stjórnardeild og stiptamtmaðurinn að sjá svo um, að pósthreðin seú komin út á skipið á hinum tiltekna tíma.

Þar á móti skulu pósthreðin í Þórshöfn vera komin á skip innan þriggja stunda eptir að skipið er þangað komið, án nokkurrar sérstaklegrar aðvörunar.

Skyldi skipið nokkru sinni þurfa að biða eptir pósthreðum, skal stjórnarráðið greiða oss fyrir biðina 150 ríkisdali fyrir hverjar 24 stundir, og eptir tiltölu fyrir skemmri tíma.

5. gr. Ef vér ekki höfum skipið ferðbúið á þeim tímum, sem ákveðið er að póstskipið skuli fara hëðan af stað, erum vér skuldbundnir til að láta sama skip eður annað óaðfinnlegt gufuskip fara hëðan innan 14 daga, og þar að auki til að greiða bætur, eptir því sem óvilhallir menn ákveða, ef biðin er oss að kenna.

6. gr. Hvert skipti, er skipið fer frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands, erum vér skyldir til, ef stjórnin krefst þess,

1863. að taka þrjá farþega, og á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum eptir 13. febrúarm. ósk hlutaðeigandi amtmanna tvo frá Íslandi og einn frá Færeyjum, fyrir 25 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Íslands og þaðan, og 20 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Færeyja og þaðan aptur.

7. gr. Á ferðunum frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands skal stjórnin og hafa rétt til að ráða yfir 24 lesta rúmi í skipinu samtals fyrir allar ferðirnar, og skal það vera komið undir samkomulagi milli stjórnarráðsins og útgjörðarmanna skipsins, hversu mikið af rúmi þessu er notað í hvert skiptið. En á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum geta hlutaðeigandi amtmenn að eins ráðið yfir tveggja lesta rúmi kauplaust á hverri ferð skipsins til Kaupmannahafnar, og skal amtmáðurinn á Færeyjum ætíð hafa rétt til að ráða yfir hálfu lestarrúmi að minnsta kosti.

Allt það rúm í skipinu, sem ekki er áskilið stjórninni, svo sem að ofan er greint, höfum vér rétt til að nota sjálfir, þó svo að skipið sé lætt og haganlega hlaðið og yfir höfuð svo, sem við á á þeim tíma ársins, er hver ferð er farin. Stjórnarráðið eða hlutaðeigandi amtmenn eiga ekki með að leigja burt neitt af rúmi því í skipinu, sem þeim er áskilið, þar á móti áskiljum vér oss að hagnýta það af rúmi þessu, sem ekki er notað í þarfir hins opinbera.

8. gr. Afferma skal og ferma á hentugum stað, og ber skipstjóra að gæta vandlega póstsekkjanna; hann skal og gæta þess, að skipverjar fari svo varlega, sem vera ber, með vörur þær og góz, er flytja skal á skip og af, svo að ekkert skemmist fyrir hirðulausa meðferð. Verði nokkrar slíkar skemmdir, skal skipstjórinn, og til vara útgjörðarmenn skipsins, bæta þær eptir óvilhallra manna mati.

9. gr. Skipsleigan fyrir allar ferðirnar á ári hverju er 10,000 ríkisdalir ríkismyntar, sem dómsmálastjórnin ávísar oss til útborgunar úr aðalféhirzlu ríkisins eptir tiltölu fyrir hverja ferð, er skipið kemur aptur til Kaupmannahafnar.

Stjórnarráðið skal og við lok hverrar ferðar endurgjalda oss lestaafgjald það, sem vér eptir reikningi, er vér eigum fram að

leggja, höfum orðið að greiða fyrir skipið bæði hér, á Íslandi og á Færeyjum. 1863.
13. febrúarm.

10. gr. Týnist skipið, eður verði fyrir haftjóni, skal farið eptir lögum og venju.

11. gr. Fararsamningur þessi gildir um 5 ár frá 1. degi janúarmánaðar 1863; þó skal ákvörðunin um tímalengdina burt falla, ef ríkisþingið ekki veitir fê það, sem þörf er á.

Þannig skrifað í tvennu lagi í dómsmálastjórninni 13. dag febrúarmánaðar 1863.

Casse.

Sem útgjörðarmenn:

Koch & Henderson.

Áætlun

um ferðir gufu- póstskeipsins „Arcturus” árið 1863.

A. Ferðirnar frá Kaupmannahöfn:

1. ferð 20. dag marzmánaðar.
2. — 28. — aprílmánaðar.
3. — 5. — júnímánaðar.
4. — 10. — júlímánaðar.

(Aukaferð milli Reykjavíkur og Liverpool:

frá Reykjavík til Liverpool 22. dag júlím.

— Liverpool til Reykjavíkur 2. — ágústm.).

5. — 5. dag septembermánaðar.
6. — 16. — októbermánaðar.

B. Ferðirnar frá Reykjavík:

1. ferð 5. dag aprílmánaðar.
2. — 14. — maímánaðar.
3. — 21. — júnímánaðar.
4. — a. til Liverpool 22. dag júlímánaðar.
b. — Kaupmannahafnar 14. dag ágústmánaðar.
5. — 21. dag septembermánaðar.
6. — 4. — nóvembermánaðar.

1863.

Athugasemdir:

1. Skipið fer aldreið fyrri á stað, en þá daga, sem að ofan er greint.
2. Póstbréfin frá Íslandi til Kaupmannahafnar verða að vera svo snemma tilbúin, að þau verði send á stað úr Reykjavík þá daga, sem að ofan er til tekið.
3. Flutningur þeirra bréfa, sem kynnu verða send með gufu-póstskipinu á ferð þess frá Reykjavík til Liverpool, er stjórninni óviðkomandi.

13. febrúarm. **7. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um prestvígslu manna, sem eigi eru orðnir fullmyndugir.**

Með bréfi 25. nóvembermánaðar f. á. senduð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, stjórnarráðinu bænarskrá frá Eyólfi Jónssyni, kandiðat frá prestaskólanum í Reykjavík, um aldursleyfi til að mega prestvígjast og fá embætti í hinni andlegu stétt jafn skjótt og hann væri orðinn 22 ára að aldri, en þá er hann sótti um þetta hafði hann einn um tvítugt; gátuð þér þess, að þér reyndar ekki gætuð mælt fram með, að bænarskránni væri áheyrsla veitt, að því leyti sem farið er fram á í henni, að leyfi þetta verði veitt beiðandanum undir eins og hann er orðinn 22 ára gamall, en á hinn bóginn stunguð þér upp á, að sökum þess, hve sérstaklega hagar til, verði stiptamtmaninum yfir Íslandi veitt almennt vald til að veita kandiðötum frá prestaskólanum, eptir samkomulagi við biskupinn, aldursleyfi til að verða prestar á Íslandi, þegar þeir að minnsta kosti eru orðnir 23 ára að aldri, og þeir að öðru leyti hafa sýnt það með lærdómsprófum þeim, er þeir hafa gengið undir, og öðru háttalagi sínu, að þeir séu hæfir til að takast prestsembætti á hendur.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, að aldursleyfi það, sem Eyólfur Jónsson hefir um sótt, verður eigi veitt, og að stjórnarráðinu ekki þykir næg ástæða til að bera fram fyrir konung þegnlega uppástungu um, að stiptamtmanni sé veitt almennt vald, svo sem að ofan er getið, til að leysa menn frá boði laganna